

Nd. 261. Frumvarp til laga [167. mál]

um breyting á lögum um almannatryggingar nr. 67/1971, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 104. löggjafarþingi 1981.)

1. gr.

1. mgr. 14. greinar hljóði svo:

Barnalífeyrir er greiddur með börnum yngri en 18 ára, ef annað hvort foreldra er látið eða er örorkulífeyrisþegi, enda eigi barnið lögheimili hér á landi, og annað hvort foreldra þess eða barnið sjálft hafi átt hér lögheimili a. m. k. þrjú síðustu árin, áður en umsókn er lögð fram. Séu báðir foreldrar látnir eða örorkulífeyrisþegar skal greiddur tvöfaldur barnalífeyrir.

2. gr.

2. mgr. 17. greinar hljóði svo:

Hafi bótaþegi barn yngra en 18 ára á framfæri sínu, á hann rétt á bótum í 12 mánuði til viðbótar, kr. 45 053 á mánuði.

3. gr.

Í 4. mgr. 45. greinar komi:

„18 ára“ í stað „17 ára“.

4. gr.

73. grein hljóði svo:

Foreldri, sem fær úrskurð yfirvalds um meðlag með börnum sínum eða um sérstök framlög skv. 19. gr. barnalaga nr. 9/1981, getur snúið sér til Tryggingastofnunar ríkisins og fengið greiðslur skv. úrskurði innan þeirra marka, er 14. gr. setur um fjárhæð meðlags og aldur barna.

Á sama hátt getur barnsmóðir fengið skv. yfirvaldsúrskurði greitt hjá Tryggingastofnun ríkisins:

- a. Framfærslueyri í allt að 3 mánuði skv. 25. gr. 1. mgr. barnalaga nr. 9/1981.
- b. Hjúkrunar- og framfærslustyrk í allt að 9 mánuði skv. 25. gr. 2. mgr. barnalaga.
- c. Kostnað vegna meðgöngu og fæðingar skv. 26. gr. 1. mgr. barnalaga.

Þegar eftir að barnsfaðernismál er höfðað, þ. e. a. s. eftir að dómari hefur veitt viðtöku ósk frá réttum aðila um að málið sæti rannsókn og dómsmeðferð, getur móðir fengið meðlag greitt með barninu innan þeirra marka, er 14. gr. setur.

Þeir sem annast framfærslu barns að foreldri látnu eða af öðrum lögmæltum ástæðum, þar með talin sveitarstjórn í framfærsluveit barnsins, hafi hún greitt fé til framfærslu þess, eiga sama rétt og foreldri eftir því, sem við getur átt.

Tryggingastofnuninni er heimilt að greiða meðlag aftur í tímann allt að 12 mánuði, talið frá byrjun þess mánaðar, sem yfirvaldsúrskurður eða vottorð um höfðun barnsfaðernismáls berst stofnuninni, enda eigi þá 4. mgr. 14. gr. ekki við.

Ákvæði þessarar greinar skulu gilda, eftir því sem við getur átt, um greiðslu meðlags, sem feður eða fráskildar konur fá úrskurðað með börnum sínum.

5. gr.

Ný grein, 74. gr., hljóði svo:

Tryggingastofnunin skal senda Innheimtustofnun sveitarfélaga innan eins mánaðar tilkynningu um fyrstu greiðslu skv. 73. gr. Tilkynningunni skal fylgja afrit af yfirvaldsúrskurði eða staðfestum samningi.

Innheimtustofnun sveitarfélaga endurgreiðir Tryggingastofnuninni greiðslur skv. 1. og 2. mgr. 73. gr. vegna barnsfeðra, sem framfærslurétt eiga hérlendis, mánaðarlega eftir því sem innheimtist. Skiladagar vegna óinnheimtra skulda skulu vera 1. mars, 1. júní og 1. október, en þann dag skulu fullnaðarskil gerð.

Ríkissjóður endurgreiðir Tryggingastofnun ríkisins meðlög vegna barnsfeðra, sem framfærslurétt eiga erlendis, svo og meðlög greidd skv. 3. mgr. 73. gr. þar til meðlagsúrskurður liggur fyrir.

6. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1982.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Barnalög nr. 9 15. apríl 1981 taka gildi 1. janúar 1982. Í þeim lögum eru nokkur ákvæði, er snerta lög um almannatryggingar.

Má þar fyrst nefna upphaf 17. gr. barnalaga þar sem segir að framfærsluskyldu ljúki, er barn verður 18 ára.

Þótt barnalögin mæli fyrir um framfærslu barna að einkarétti, en ekki gagnvart hinu opinbera, verður að telja eðlilegt að breyta aldursmörkum 14. og 17. gr. laga nr. 67/1971 til samræmis við barnalög. Því er hér lagt til að svo verði gert. Að öðru leyti eru nefndar greinar samhljóða nügildandi ákvæðum.

Þá eru í barnalögum ýmis nýmæli, er leggja auknar fyrirgreiðsluskyldur á Tryggingastofnun ríkisins:

1. Í 19. gr. er heimilað að úrskurða um **sérstök framlög** vegna tiltekinna útgjalda og í 30. gr. 2. mgr. segir að foreldri (eða eftir atvikum framfærandi skv. 31. gr.) eigi aðgang að Tryggingastofnun ríkisins um slíkar greiðslur.
2. Í 25. gr. 1. mgr. er heimilað að úrskurða föður til að greiða **framfærslueyri** í allt að 3 mánuði og í 30. gr. 1. mgr. segir að um aðgang barnsmóður að Tryggingastofnun ríkisins vegna þessa framfærslueyris fari svo sem segir í 73. gr. laga nr. 67/1971.
3. Í 2. mgr. 25. gr. er heimilað að úrskurða barnsföður til að greiða móður mánaðarlegan **hjúkrunar- og framfærslustyrk** í allt að 9 mánuði. Í 2. mgr. 30. gr. segir svo að barnsmóðir eigi aðgang að Tryggingastofnun ríkisins um greiðslur þessar.
4. Loks er í 26. gr. 1. mgr. ákveðið að úrskurða skuli barnsföður til að greiða kostnað af **meðgöngu og fæðingu**, þegar 3. mgr. 15. gr. á við. Í 2. mgr. 30. gr. er barnsmóður veittur aðgangur að Tryggingastofnun ríkisins um greiðslur þessar.

Nügildandi ákvæði almannatryggingalaga taka eingöngu til greiðslu meðlags, þ. e. a. s. framfærslueyris barns, sem skýrt er kveðið á um í 23. gr. barnalaga að „tilheyrir barni“. Slíkar greiðslur falla undir 73. gr. nügildandi laga um almannatryggingar og aðrar ekki.

Hinn 1. janúar 1981 tóku gildi lög nr. 47/1980 um fæðingarorlof. Jafnframt var þá numin úr gildi 74. gr. almannatryggingalaga nr. 67/1971 um greiðsluskyldu Tryggingastofnunar ríkisins, skv. úrskurði, á barnsfararkostnaði ógiftrar móður, sem fella varð niður vinnu og missti tekjur vegna barnsburðar. Með tilkomu almenns fæðingarorlofs var talið að bættur væri slíkur tekjumissir móður.

Nú er ljóst, að með samþykkt 25. gr. 1. mgr. barnalaga ætlast löggjafinn til þess, að svipuð fyrirgreiðsluskylda Tryggingastofnunar ríkisins stofnist á ný, þótt svo illa hafi til tekist, að ekki er það sagt berum orðum í 30. gr. barnalaganna, heldur er þar vísað í 73. gr. almannatryggingalaga. En eins og áður sagði getur sú grein, óbreytt, engan veginn heimilað greiðslu framfærslueyris, hvað þá verið grundvöllur að endurheimtu slíkra greiðslna.

Um aðrar greiðslur skv. V. kafla barnalaga, (barnsfararkostnað o. fl. greiðslur, er standa í tengslum við barnburð og meðgöngu) má segja að 30. gr. 7. mgr. barnalaga sé tæmandi fyrirgreiðslu- og endurkröfuheimild fyrir Tryggingastofnun ríkisins. Eðlilegast er þó, að sjálf löggjöfin um almannatryggingar sé á hverjum tíma tæmandi heimild um skyldur og réttindi á þessu sviði. Má því segja að ýmis ákvæði barnalaga, t. d. 29.—31. gr. hafi átt meira erindi í lög um almannatryggingar en barnalög.

Með það sjónarmið í huga, að nauðsynlegt sé að fulls samræmis gæti í ákvæðum almannatryggingalaga og annarra lagaákvæða, er leggja skyldur á Tryggingastofnun ríkisins, er þetta frumvarp samið og flutt. Því er lagt til að ný 73. gr. taki til allrar fyrirgreiðslu stofnunarinnar skv. IV. og V. kafla barnalaga og í samræmi við VI. kafla sömu laga. Þá er lagt til að reglur um endurkröfu á hendur Innheimtustofnun sveitarfélaga f. h. framfærsluskylds foreldris og framfærsluveitar, og á hendur ríkissjóði þar sem það á við, komi í sérstaka grein, 74. gr. Í þeirri grein kemur það fram berum orðum, að allar greiðslur Tryggingastofnunar ríkisins vegna ákvæða barnalaga og 73. gr. almannatryggingalaga skuli vera endurheimtanlegar framvegis sem hingað til hjá Innheimtustofnun sveitarfélaga og hjá ríkissjóði.

Fjárlaga- og hagsýslustofnun hefur metið kostnaðarauka ríkissjóðs af framangreindum breytingum þannig:

1. Í fyrstu grein er lagt til að barnalífeyrir verði greiddur að 18 ára aldri í stað 17 ára aldurs í gildandi lögum. Hér er um beinan kostnaðarauka að ræða, sem áætlast um 1,4 m. kr. á ári.
2. Varðandi aðra grein er kostnaðarauki um 75 þús. kr. á ári.
3. Þriðja grein er varðandi sjúkradagpeninga, sem greiddir eru vegna barna sem eru á framfæri bótaþega. Lagt er til að aldursmörk verði hækkuð úr 17 ára í 18 ár. Engin skipting er til um það hversu stór hluti sjúkradagpeninga hafi verið greiddur vegna barna á framfæri bótaþega og verður því ekki reynt að áætla þann kostnaðarauka, sem óhjákvæmilega fylgir þessari grein.
4. Fjórdá og fimmta grein þessa frumvarps leiða ekki til kostnaðarauka. Hér er einungis verið að samræma lög um almannatryggingar og barnalög nr. 9/1981, enda eðlilegt að sjálf lögín um almannatryggingar séu tæmandi heimild um skyldur og réttindi á þessu sviði.
5. **Niðurstöður**

Í áætlun hér að framan er alls staðar gengið út frá jafnri skiptingu milli aldurshópa. Líklegt er þó að eldri aldurshóparnir séu minni, bæði vegna dauða og þess að færri eru á framfæri foreldra. Á mótí kemur svo að aldurshóparnir 1961—1975 voru við fæðingu mun stærri en yngri aldurshópar.

Kostnaðarauki vegna 1. og 2. greinar er samtals um 1.5. m. kr. Ekki er unnt að áætla kostnaðarauka vegna 3. greinar vegna skorts á upplýsingum, en þessi breyting mun hafa aukinn kostnað í för með sér.

Kostnaðarauki vegna 4. og 5. greinar er enginn.

Breytingar þær, er þar um ræðir, hafa leitt til kostnaðarauka (ef einhver hefur orðið) við samþykkt barnalaga nr. 9/1981.

Einstakar greinar teljast skýrðar með framansögðu.